# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1994

5. janúar 1994 1 Nr. 1

## REGLUGERÐ

**um verðjöfnunargjald af innfluttum unnum landbúnaðarvörum.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum sem innihalda landbúnaðarhráefni og falla undir upptalin tollskrárnúmer skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á m.v. kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37 % af tollverði í vörulið 1905.

| Tollskrárnúmer | kr/kg | Tollskrárnúmer | kr/kg |
|---|---|---|---|
| 0403.1001 | 65 | 1901.2023 | 91 |
| 0403.1003 | 34 | 1901.2024 | 60 |
| 0403.9001 | 28 | 1905.9051 | 91 |
| 0403.9002 | 28 | 1905.9059 | 60 |
| 0403.9003 | 28 | 2202.9001 | 42 |

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 126/1993 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið 5. janúar 1994.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

B 1

Steindórsprent Gutenberg hf.